

ÍSLENSKA / ESPAÑOL

**Spurningar og svör fyrir
fjöltýngdar fjölskyldur**

**Preguntas y respuestas para
familias plurilingües**

**Tvö – þrjú – fjögur tungumál?
¿Dos – tres – cuatro idiomas?**




ÍSLENSKA

Tvítýngi – auður fyrir einstakling og samfélag	4
Geta börn lært tvö eða fleiri tungumál jafn vel?	6
Hvaða tungumál eigum við að tala við barnið?	6
Hvaða mál á að tala ef foreldrar eiga ekki sama móðurmál?	8
Getur barnið lært íslensku ef foreldri talar sitt móðurmál?	10
Er bagalegt ef barnið blandar saman tungumálum?	12
Hvað á ég að gera ef barnið svarar mér á íslensku?	14
Hvað get ég gert til að styrkja móðurmál barnsins?	16
Hvernig get ég hjálpað barninu að læra íslensku?	18
Hvað á að gera ef barnið hættir að tala í leikskólanum?	20
Orðskýringar	22

ESPAÑOL

Bilingüismo – una riqueza para el individuo y la sociedad	5
¿Pueden los niños aprender de igual manera dos o más idiomas?	7
¿En qué idioma tenemos que hablar con nuestros hijos?	7
¿Cuál idioma es mejor hablar si el padre y la madre tienen cada uno un idioma diferente?	9
¿Puede mi hijo aprender islandés si yo hablo mi idioma?	11
¿Es perjudicial que el niño mezcle los idiomas?	13
¿Qué hago si el niño me responde en islandés?	15
¿Qué puedo hacer para reforzar la lengua materna de mi hijo?	17
¿Cómo puedo ayudarle a mi hijo a aprender islandés?	19
¿Qué puedo hacer si mi hijo deja de hablar en la guardería?	21
Terminología	22



Sterkt móðurmál er ekki einungis mikilvægt fyrir samskiptin í fjölskyldunni það auðveldar líka börnum að tileinka sér íslensku sem annað tungumál.

Tvítýngi – auður fyrir einstakling og samfélag

Það er ávinningur fyrir sérhvern einstakling að hafa vald á mörgum tungumálum og fjöltyngdir einstaklingar eru afar verðmætir fyrir samfélagið. Þegar fjölskyldur flytjast milli landa er auðveldara fyrir þær að halda tengslum við heimaland sitt ef þær viðhalda móðurmálinu. Börn í slíkum fjölskyldum geta betur skilið og tileinkað sér menningararf foreldranna ef þau kunna móðurmál þeirra.

Sterkt móðurmál er ekki einungis mikilvægt fyrir samskiptin í fjölskyldunni það auðveldar líka börnum að tileinka sér íslensku sem annað tungumál. Góður málskilningur stuðlar að sterkri sjálfsmynd og að barnið skynji sig sem mikilvægan hluta af heild.

Yfirleitt eiga börn ekki í vandræðum með að læra tvö eða fleiri tungumál samtímis. En eigi það að læra málin svo að þau nýtist í samskiptum þarf fjölskylda og leikskóli að hjálpast að. Mikilvægt er að barnið fái hvatningu fullorðinna til að nota tungumálin jöfnum höndum. Í samskiptum í fjölskyldu og í leikskóla er hægt að sýna barninu fram á að það er fullkomlega eðlilegt að tala fleiri en eitt tungumál.



Bilingüismo – una riqueza para el individuo y la sociedad

Es una ventaja, para cualquier individuo, poder comunicarse en muchos idiomas y las personas plurilingües son muy apreciadas por la sociedad. Cuando una familia se va a vivir a otro país, es mucho más fácil para ella mantener la conexión con su país si conservan su idioma. Los niños de esta familia pueden entender mejor y adoptar la herencia cultural de sus padres si hablan su idioma. Un idioma materno con raíces profundas les facilita aprender el islandés como segundo idioma y es además importante para la comunicación en la familia. Un buen conocimiento de la lengua ayuda a fortalecer la autoestima y a que el niño se sienta una parte importante de un todo. Generalmente es fácil para un niño aprender dos o más idiomas al mismo tiempo. Pero para que aprenda los idiomas de tal forma que le ayuden para comunicarse, la familia y la guardería tienen que trabajar juntas. Es muy importante que los adultos animen al niño para que utilice los idiomas de igual forma. Tanto en el ambiente familiar como en el de la guardería, se le puede mostrar al niño que es perfectamente normal hablar más de un idioma.

Un idioma materno con raíces profundas les facilita aprender el islandés como segundo idioma y es además importante para la comunicación en sus familias.

Geta börn lært tvö eða fleiri tungumál jafn vel?

Já, en af því að tungumálin eru notuð í ólíku samhengi er algengt að tvítyngd eða fleirtyngd börn ráði betur við eitt efni á einu tungumáli og annað efni á öðru. Barnið á t.d. hægara með að segja frá því sem gerist í leikskólanum á íslensku, en velur móðurmálið til að tala um það sem gerist heima. Það notar móðurmálið í samræðum við frændfólk og foreldra en víxlar á milli tungumála þegar það talar við systkini og vini. Slík málnotkun er tvítyngdum einstaklingum eðlileg. Þegar börn eru orðin talandi á móðurmáli/málum tileinka þau sér mishratt nýtt tungumál (íslensku) sem þau þurfa t.d. að nota í leikskólanum.

Hvaða tungumál eigum við að tala við barnið?

Talið það tungumál sem ykkur er tamast, en það er jafnan móðurmálið. Foreldrum er líka hægara að ala barnið sitt upp á því tungumáli sem þeir tjá tilfinningar sínar á.

Margir fullorðnir eiga auðveldara með að rifja upp minningar, segja sögur og syngja fyrir börnin sín á því tungumáli sem þeir töluðu sjálfir sem börn. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir samskipti og málþroska almennt þar sem góður grunnur í móðurmáli (einu eða tveimur) er nauðsynlegur fyrir frekara tungumálanám.

Talið það tungumál sem ykkur er tamast, en það er jafnan móðurmálið.



¿Pueden los niños aprender de igual manera dos o más idiomas?

Sí, pero como los idiomas se utilizan en contextos diferentes es común que los niños que hablan dos idiomas o más manejen mejor un tema en un idioma y otro en el otro idioma. Por ejemplo, es más fácil para el niño contar lo que pasa en la guardería en islandés, pero para contar lo que pasa en casa elige el idioma materno. Utiliza el idioma materno para conversar con sus parientes y padres, pero va de un idioma a otro cuando habla con sus hermanos y amigos. Este uso del lenguaje es natural para personas bilingües. Cuando los niños ya hablan el idioma o idiomas maternos, la rapidez con la que aprenden un nuevo idioma (islandés), que necesitan utilizar por ejemplo en la guardería, puede variar.

¿En qué idioma tenemos que hablar con nuestros hijos?

Hablen en el idioma que les es más fácil. Para la mayoría ese idioma es el materno.

Hablen en el idioma que les es más fácil. Para la mayoría ese idioma es el materno. También es más fácil para los padres criar a sus hijos en el idioma en el que están acostumbrados a expresar sus sentimientos. Para muchos adultos es más fácil traer a la memoria recuerdos, contar cuentos y cantar para los niños en el idioma en el que ellos hablaban cuando eran niños. Esto tiene mucha importancia para la comunicación y el desarrollo del lenguaje en general, ya que una buena base del idioma materno (uno o dos) es necesario para futuros estudios de idiomas.



Hvaða mál á að tala ef foreldrar eiga ekki sama móðurmál?

Í fjölskyldum þar sem foreldrar eiga sitt hvort móðurmálið er mælt með því að þeir tjái sig á sínu máli í samskiptum við barnið og umfram allt fyrstu 2–3 árin. Þ.e.a.s. einn einstaklingur – eitt tungumál. Barnið tengir þá auðveldlega eitt tungumál við mömmu og annað við pabba. Þegar öll fjölskyldan er saman má tala það tungumál sem virkar eðlilegast, annað móðurmálið, íslenskuna eða þriðja tungumálið sem allir skilja. Í fjölskyldum þar sem annað foreldri er íslenskumælandi gildir það sama. Sennilegt er að ísliskan verði ráðandi í svona samsettri fjölskyldu búsettri á Íslandi, en ef vilji er til þess að barnið verði tvítyngt er mikilvægt að nota ólíkar aðferðir til að hjálpa því að ná tökum á báðum tungumálum, s.s. syngja með því, segja því sögur, lesa fyrir það o.s.frv.

Þegar öll fjölskyldan er saman má tala það tungumál sem virkar eðlilegast, annað móðurmálið, íslenskuna eða þriðja tungumálið sem allir skilja.

¿Cuál idioma es mejor hablar si el padre y la madre tienen cada uno un idioma diferente?

Cuando toda la familia está reunida se elige el idioma que es más natural: uno de los idiomas maternos, el islandés, o el tercer idioma que todos entienden.

En las familias en las que la madre y el padre tienen cada uno un idioma diferente, se aconseja que cada uno utilice su idioma para comunicarse con el niño, sobre todo durante los dos o tres primeros años. Es decir, un individuo - un idioma. De esta forma, el niño conecta más fácilmente un idioma con la madre y el otro con el padre. Cuando toda la familia está reunida se elige el idioma que es más natural: uno de los idiomas maternos, el islandés, o el tercer idioma que todos entienden. Lo mismo sucede en las familias en las que el padre o la madre habla islandés. Probablemente el islandés se convertirá en la lengua dominante en este tipo de familia, pero si existe la voluntad de que el niño sea bilingüe, es importante utilizar métodos diferentes para ayudarle al niño a manejar los dos idiomas; por ejemplo cantando con él, contándole cuentos, leyéndole, etc.

Foreldrar hjálpa barninu sínu mest að ná tökum á íslensku með því að styrkja móðurmál þess.

Getur barnið lært íslensku ef foreldri talar sitt móðurmál?

Já, rannsóknir sýna að börnum gengur betur að læra annað tungumál ef þau fá góðan grunn í móðurmáli sínu. Tungumálin vinna ekki gegn hvort öðru, þvert á móti. Ef barnið hefur lært hugtak á móðurmálinu auðveldar það því að læra samsvarandi hugtak á íslensku og öfugt.

Allir foreldrar óska þess að barninu þeirra gangi vel í skóla og vilja þess vegna að það læri íslensku sem fyrst. En það er engin ástæða til þess að hætta að nota móðurmál sitt í samskiptum við barnið. Foreldrar hjálpa barninu sínu mest að ná tökum á íslensku með því að styrkja móðurmál þess. Ef barnið á að ná góðum tökum á íslenskunni er best að það fái tækifæri til að nota hana með íslenskumælandi félögum og fullorðnum. Yfirleitt gerist þetta í leikskólanum og e.t.v. í samskiptum við íslenska vini fjölskyldunnar eða barnsins.



¿Puede mi hijo aprender islandés si yo hablo mi idioma?

Sí, investigaciones muestran que los niños tienen más facilidad para aprender otro idioma si han adquirido una buena base de su idioma materno. Los idiomas no influyen negativamente el uno en el otro, al contrario, se apoyan el uno en el otro. Si el niño ha aprendido un concepto en su idioma materno, es mucho más fácil aprender luego dicho concepto en islandés, o al revés.

Todos los padres desean que a sus hijos les vaya bien en la escuela y quieren por esa razón que aprendan islandés lo más pronto posible. Pero esto no es un motivo para dejar de usar el idioma materno al comunicarse con el niño. Al fortalecer la lengua materna del niño, los padres ayudan más al aprendizaje del islandés. Si se quiere que el niño aprenda bien el islandés, lo mejor es que tenga la oportunidad de utilizarlo con sus compañeros y los adultos que hablan islandés. Esto pasa generalmente en la guardería o al comunicarse con los amigos islandeses de la familia o sus propios amigos.

Al fortalecer la lengua materna del niño, los padres ayudan más al aprendizaje del islandés.



Er bagalegt ef barnið blandar saman tungumálum?

Nei, yfirleitt ekki. Það er eðlilegt að lítil börn blandi saman orðum úr báðum tungumálunum í sömu setningu. Ástæðan getur verið sú að þau hafi ekki enn lært að skilja á milli ólíkra tungumála eða að þau vanti orð á því máli sem þau eru að tala þá stundina.

Annað algengt fyrirbæri er meira eða minna meðvituð víxlun milli tungumála sem eldri börn og fullorðnir grípa til í samskiptum við aðra tvítyngda einstaklinga. Þessi svokallaða merkjavíxlun er tvítyngdum einstaklingum eðlileg. Þeir nýta sér einfaldlega þann kost að víxla tungumálunum til að geta betur tjáð sig, t.d. þegar þeir vilja ná fram ákveðnum blæbrigðum í tjáningu sinni eða tilfinningu, vitna í eitthvað sem annar hefur sagt á öðru tungumáli eða skapa samkennd með þeim sem hafa sama málskilning. Margir eiga erfitt með að viðurkenna svona málnotkun. Þeim getur þótt bagalegt að „blanda“ tungumálum og halda að það sé merki um að viðkomandi hafi ekki vald á þeim. En rannsóknir sýna að það krefst allmikillar færni að víxla reiprennandi á milli tungumála og að það er bæði eðlilegt og þægilegra í samtali tvítyngdra.

Það er eðlilegt að lítil börn blandi saman orðum úr báðum tungumálunum í sömu setningu.



¿Es perjudicial que el niño mezcle los idiomas?

No, generalmente no es perjudicial. Es normal que los niños pequeños mezclen las palabras de dos idiomas en una misma oración. La razón puede ser que ellos todavía no han aprendido a distinguir entre los idiomas o que les falte alguna palabra en el idioma que están utilizando en ese momento.

Otro fenómeno común es el intercambio más o menos consciente de idiomas que hacen los niños mayores y los adultos al comunicarse con otras personas bilingües. Este cambio de código es normal entre personas bilingües. Ellos aprovechan simplemente la posibilidad de pasar de un idioma a otro para expresarse mejor, por ejemplo, cuando quieren conseguir cierto matiz o sentimiento en su expresión, citar algo que alguien ha dicho en otro idioma o para crear un lazo de solidaridad con aquellos que hablan el mismo. Para muchos es difícil aceptar que el idioma se use así. A ellos les parece malo "mezclar" los idiomas y piensan que esto es una señal de que esa persona no maneja bien dichos idiomas. Pero de acuerdo a investigaciones realizadas, se necesita mucha destreza para pasar de un idioma a otro sin la menor vacilación y esto es normal y más cómodo en las conversaciones entre personas bilingües.

Es normal que los niños pequeños mezclen las palabras de dos idiomas en una misma oración.

**Jafnvel þótt barnið noti
móðurmálið lítið þroskar
það með sér færni til að
tala það.**

Hvað á ég að gera ef barnið svarar mér á íslensku?

Algengt er að börn velji á vissum tímabilum að nota íslensku alfarið, jafnvel þótt foreldrarnir reyni að vera samkvæmir sjálfum sér og tali móðurmál sitt við barnið. Ef foreldrar vilja að barnið verði tvítyngt er mikilvægt að þeir gefist ekki upp á því að nota móðurmál sitt. Einnig er æskilegt að barnið fái tækifæri til þess að hafa samskipti við jafnaldra og fullorðna sem tala minnihlutamálið. Komið hefur í ljós að jafnvel þótt barnið noti móðurmálið lítið þroskar það með sér færni til að tala það.

Ef barnið talar íslensku þegar foreldrarnir tala móðurmál sitt hjálpa þau því mest með því að svara á móðurmálinu. Góð samskipti og samræður við barnið er alltaf mikilvægast, og skiptir þá minna máli hvaða tungumál er talað. Betra er að hlusta á það sem barnið hefur að segja fremur en hvernig það notar tungumálið og á hvaða tungumáli það tjáir sig. Mikilvægast er að vera þolinmóður, því það tekur tíma að kenna barninu eigið tungumál í umhverfi þar sem íslenskan hefur meiri þýðingu og er jafnvel hærra metin.



¿Qué hago si el niño me responde en islandés?

Es común que en cierta época los niños decidan utilizar solamente el islandés, a pesar de que los padres sean consecuentes y hablen su idioma materno con ellos. Si los padres quieren que el niño sea bilingüe, es importante que no se rindan y que sigan utilizando su idioma materno. Es también aconsejable que el niño tenga la oportunidad de comunicarse con niños de su edad y con adultos que hablan el idioma minoritario.

Se ha descubierto que, a pesar de que el niño usa poco su lengua materna, está adquiriendo la destreza para utilizarla.

Si el niño utiliza islandés cuando sus padres le hablan su idioma materno, los padres le ayudan más si siguen respondiéndole en su idioma materno. Pero no hay que olvidar que lo más importante es mantener una buena comunicación con el niño, sin que tenga importancia el idioma que se elija para hablar. Es más importante escuchar lo que el niño quiere decir que pensar en cómo utiliza el idioma y en qué idioma se expresa. Es muy conveniente ser paciente ya que toma tiempo enseñarle al niño su idioma en un ambiente donde el islandés tiene más significado y es incluso más valorado.

Se ha descubierto que, a pesar de que el niño usa poco su lengua materna, está adquiriendo la destreza para utilizarla.



Hvað get ég gert til að styrkja móðurmál barnsins?

Pólsk börn í Póllandi og íslensk börn á Íslandi læra móðurmálið við margar og ólíkar aðstæður. Íslensk börn læra móðurmálið í samskiptum við fjölskyldu, ættingja og vini, í verslunum, í strætó, í leikskólanum og í skólanum. Allan daginn heyra þau, tala eða læra móðurmál sitt. Mörg börn af erlendum uppruna hafa ekki sömu möguleika á að þroska móðurmál sitt. Þorri þeirra heyrir og notar móðurmálið aðeins heima fyrir. Því þurfa fullorðnir í umhverfi barnsins, foreldrar og starfsmenn leikskóla að gefa því tækifæri til að læra og tala móðurmálið eins mikið og kostur er bæði innan og utan fjölskyldunnar, með jafnöldrum og fullorðnum. Foreldrar geta t.d. sungið og lesið fyrir börnin á móðurmálinu, sagt þeim sögur, spilað tónlist eða leyft þeim að horfa á myndefni frá heimalandinu. Einnig er mikilvægt að leggja sig fram um að nota fjölbreyttan orðaforða og setja orð á hluti og athafnir á móðurmálinu.

Í leikskólanum er t.d. hægt að gera ritmál barnsins sýnilegt og spila tónlist á móðurmáli þess.

Móðurmálskennta fer nú fram á mörgum tungumálum. Upplýsingar um kennsluframboð er hægt að fá hjá Alþjóðahúsi, www.ahus.is og www.modurmal.com

Foreldrar geta t.d. sungið og lesið fyrir börnin á móðurmálinu, sagt þeim sögur, spilað tónlist eða leyft þeim að horfa á myndefni frá heimalandinu.

Los padres pueden, por ejemplo, cantar y leer para los niños en su idioma materno, contarles cuentos, poner música o permitirles mirar vídeos de su país de origen.

¿Qué puedo hacer para reforzar la lengua materna de mi hijo?

Los niños polacos en Polonia y los niños islandeses en Islandia aprenden su idioma materno en muchas y diferentes situaciones. Los niños islandeses aprenden el islandés al comunicarse con su familia, parientes y amigos, en las tiendas, en el autobús, en la guardería y en la escuela. Todo el día oyen, hablan y aprenden su idioma. Muchos niños de origen extranjero no tienen las mismas oportunidades para aprender su idioma materno. La mayoría de ellos utilizan su idioma materno sólo en casa. Por esa razón, los adultos que forman parte de la vida del niño, los padres y el personal de la guardería, deben darle al niño la oportunidad de aprender a utilizar su idioma materno tanto como sea posible, ya sea en casa o fuera de ella, con niños de su edad o adultos. Los padres pueden, por ejemplo, cantar y leer para los niños en su idioma materno, contarles cuentos, poner música o permitirles mirar vídeos de su país de origen. También es importante hacer todo lo posible para utilizar un vocabulario variado y poner nombre a las cosas y a las acciones en el idioma materno. En la guardería se puede, por ejemplo, hacer visible la escritura del idioma del niño y poner música en su idioma. La enseñanza del idioma materno existe ya en muchos idiomas. Para tener información sobre estos cursos se puede contactar al Centro Intercultural, Alþjóðahús, www.dhus.is y también www.modurmal.com

Gott samstarf milli leikskóla og foreldra leggur grunninn að máltöku og málþroska barnsins á íslensku.

Hvernig get ég hjálpað barninu að læra íslensku?

Gott samstarf milli leikskóla og foreldra leggur grunninn að máltöku og málþroska barnsins á íslensku. Leikskólinn ber mikla ábyrgð á því að barnið nái góðu valdi á íslensku, en foreldrar geta líka hjálpað til á ýmsa vegu. Fyrst og fremst með því að hvetja barnið til að æfa sig í tungumálinu, s.s. með því að hlusta á íslenskt útvarp og sjónvarp. Í sumum tilfellum hafa foreldrar svo gott vald á íslensku að þeir geta hjálpað barninu og eftt málskilning þess.

Margir foreldrar velta því fyrir sér hvort barnið geti lært íslensku til hlítar ef það á ekki íslenska vini. Því þarf að huga að því að skapa barninu aðstæður til að hitta íslenskumælandi fólk. Mikilvægt er að það fái fjölbreytt tækifæri til að tala íslensku við vini, skólafélaga og fullorðna. Foreldrar geta t.d. hvatt barnið til að taka þátt í verkefnum og virkum samskiptum við íslenskumælandi börn, s.s. á leiksvæðum og í íþróttum.


Einnig ættu foreldrar að velta því fyrir sér hvaða leikskóli hentar barninu best. Þeir eiga rétt á því að fá upplýsingar um hvaða áhersla er lögð á tvítyngi og málörvun í leikskólanum, hversu mikið starfsfólkið veit um málörvun tvítyngdra barna, kennslu annars tungumáls o.s.frv. Foreldrar eiga líka rétt á því að kennarar komi til móts við barnið og örvi það markvisst í málnotkun, hvort heldur er á móður-máli þess eða íslensku.

¿Cómo puedo ayudarle a mi hijo a aprender islandés?

Una buena colaboración entre la guardería y los padres crea la base para la adquisición y el desarrollo del lenguaje del niño en islandés. La guardería es en gran parte responsable de que el niño consiga un buen nivel de islandés, pero los padres también pueden ayudar de varias formas. Para empezar, animándole a practicar el idioma, por ejemplo escuchando la radio y la televisión islandesa. En muchos casos los padres tienen un buen nivel de islandés y pueden ayudar al niño y reforzar su comprensión del idioma. Muchos padres se preguntan si sus hijos pueden aprender islandés perfectamente si no tiene amigos islandeses, por esta razón se deben crear las situaciones para que él pueda encontrarse con personas que hablan islandés. Es importante que tenga oportunidades variadas para utilizar el islandés con sus amigos, compañeros de la escuela y adultos. Por ejemplo, los padres pueden animar al niño para que participe en actividades en las que está en activa comunicación con niños que hablan islandés, ya sea en los espacios infantiles o en deportes.

Una buena colaboración entre la guardería y los padres crea la base para la adquisición y el desarrollo del lenguaje del niño en islandés.

Los padres deben pensar también cuál guardería le conviene más al niño. Ellos tienen derecho a recibir información sobre el énfasis que las guarderías ponen en el bilingüismo y en el estímulo del lenguaje, qué sabe el personal sobre el estímulo del lenguaje en niños bilingües, sobre la enseñanza de una segunda lengua, etc. Los padres tienen también derecho a que los maestros tomen en cuenta las necesidades del niño y estimulen de forma decidida el uso del lenguaje, ya sea en su idioma materno o en islandés.



Hvað á að gera ef barnið hættir að tala í leikskólanum?

Dæmi eru um að barn sem byrjar í leikskóla þar sem móðurmál þess er ekki talað, hætti tímabundið að tala íslensku. Þetta svokallaða „þögla tímabil“ eru eðlileg viðbrögð. Ef barninu virðist að öðru leyti líða vel og tjáir sig með öðrum ráðum, s.s.. með því að benda og gefa í skyn að það skilji, er engin ástæða til að hafa áhyggjur. Barnið er einungis að safna í sarpinn og efla með sér skilning á nýja tungumálinu. Oftast byrjar barnið að tala aftur eftir nokkurn tíma, þegar það hefur öðlast nægilega mikila þekkingu á nýja tungumálinu.

Dæmi eru um að barn sem byrjar í leikskóla þar sem móðurmál þess er ekki talað, hætti tímabundið að tala íslensku. Þetta svokallaða „þögla tímabil“ eru eðlileg viðbrögð.

¿Qué puedo hacer si mi hijo deja de hablar en la guardería?

Existen casos en los que niños que empiezan en una guardería donde no se habla su idioma materno, dejan de hablar islandés temporalmente. Esto que se conoce como “época silenciosa” es una reacción normal.

Existen casos en los que niños que empiezan en una guardería donde no se habla su idioma materno, dejan de hablar islandés temporalmente. Esto que se conoce como “época silenciosa” es una reacción normal. Si aparte de esto el niño parece estar bien, y se expresa de otra forma, por ejemplo apuntando y dando a entender que comprende, no existe motivo para preocuparse. El niño está tan sólo acumulando información y aprendiendo a comprender el nuevo idioma. A menudo, el niño empieza a hablar otra vez después de cierto tiempo, cuando ha adquirido suficiente conocimiento del nuevo idioma.



Orðskýringar

Annað tungumál: Tungumálið/in sem barnið byrjar að læra eftir máltöku fyrsta tungumáls (móðurmáls). Torvelt getur verið að draga mörk milli fyrsta og annars tungumáls, t.d. þegar barn hefur lært tvö tungumál nær samtímis. Þá er e.t.v. réttara að tala um að barnið eigi tvö móðurmál. Á Íslandi er íslenska annað/þriðja tungumál barna af erlendum uppruna. Annað tungumál er einnig kallað viðbótarmál.

Móðurmál: Tungumál sem talað er af fjölskyldu barnsins. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál.

Tvítýngi/fjöltyngi: Tvítýngdur/fjöltyngdur einstaklingur getur verið nýbyrjaður að tala tungumálið eða er jafnvel „fullnuma“ í því. Tvítýngd/fjöltyngd börn eiga eitt eða fleiri móðurmál og eru að tileinka sér íslensku sem annað (þriðja/fjórða) tungumál. Þau geta verið komin afar mislangt á veg með að ná tökum á íslensku.



Terminología

Segunda lengua: El o los idiomas que el niño empieza a aprender después de haber adquirido el primer idioma (idioma materno). Puede ser difícil poner límites entre el primer y el segundo idioma, por ejemplo cuando el niño ha aprendido dos idiomas casi al mismo tiempo. Lo más correcto sería, en casos como éste, decir que el niño tiene dos lenguas maternas. En Islandia, el islandés se convierte en el segundo o tercer idioma de los niños de origen extranjero. Al segundo idioma se lo llama también idioma adicional.

Idioma materno: El idioma que la familia del niño habla. Un niño puede tener más de un idioma materno.

Bilingüismo/plurilingüismo: Una persona bilingüe o plurilingüe puede recién estar empezando a hablar un idioma o incluso haberlo aprendido “completamente”. Los niños bilingües y plurilingües tienen una o más lenguas maternas y están aprendiendo el islandés como segunda (tercera/cuarta) lengua. En estas situaciones, la rapidez con la que se adquiere el islandés puede variar en cada caso.



Reykjavik City
Department of Education



Fríkirkjuvegi 1 📍 Reykjavík 📞 Tel. 411 7000 🌐 www.menntasvid.is